

## Hluthafafundur Klappa Grænna Lausna hf.

Stjórn Klappa Grænna Lausna hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður mánudaginn 22. desember 2025 kl. 11:00 með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Kynning forstjóra.
2. Tillaga um lækun hlutafjár og ráðstöfun yfirverðsreiknings hlutafjár.
3. Tillaga um breytingu á nafnverði hlutafjár úr íslenskum krónum í evrur og breytingu á nafnvirði hvers hlutar.
4. Tillaga um breytingu á almennri heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar.
5. Tillaga um breytingu á heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar vegna kaupréttarkerfis.
6. Tillaga um breytingu á heimild stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda, heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar og heimild til kaupa á eigin bréfum.
7. Önnur mál löglega borin fram.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál tekin fyrir á fundinum ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa þar um með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins að gættum ákvæðum laga um hlutafélög. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá fundarins skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins að Hlíðasmára 3, 201 Kópavogi, eða á netfangið [investors@klappir.com](mailto:investors@klappir.com) eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 11:00 þann 12. desember 2025.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn, þ.e. 15. desember 2025 til samræmis við samþykktir félagsins.

Skráning hluthafa á fundinn fer [fram hér](#) og fá þeir sendan hlekk á fundinn. Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundabúnað þar sem hluthafar geta fylgst með fundarstörfum og tekið þátt í fundinum.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð. Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn eru beðnir um að skrá sig á heimasíðu félagsins eigi síðar en með fimm daga fyrirvara, þ.e. fyrir kl. 11:00 þann 17. desember 2025.

### Aðrar upplýsingar

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafund verður að finna á vefsíðu félagsins [www.klappir.com](http://www.klappir.com).

Kópavogur, 1. desember 2025

Stjórn Klappa Grænna Lausna hf.